

**Ed.** **202. Frumvarp til laga** [178. mál]  
um breytingu á lögum nr. 71 1. júlí 1985, um breytingu á jarðræktarlögum nr. 79 29. maí 1972.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Við bráðabirgðaákvæði VI, **Til hey- og garðávaxtageymslna, svo og verkfærageymslna**, í 1. gr. laganna bætist nýr liður svohjóðandi:

f. heygeymslur fyrir plastklædda rúllubagga 600 kr. pr. m<sup>3</sup>

**Greinargerð.**

Undanfarin ár hefur rutt sér til rúms sú heyskaparaðferð að binda hey með rúllubindivél og verja það með plastklæðningu.

Svo einkennilega hefur til tekist við afgreiðslu breytinga á jarðræktarlögum á s.l. vetri að byggingar, sem breyta þarf fyrir þessa heyverkunaraðferð, hafa gleymst og eru því ekki styrkhæfar eins og aðrar heygeymslur. Sú reynsla er þegar fengin að þetta sé ein öruggasta og fljótvirkasta heygeymsluáðferð sem völ er á eins og í ljós kom óþurrkasumrin á Suðurlandi 1984 og á Norðurlandi 1985.

Frumvarp þetta er flutt til að bæta hér úr.